



Ljósmynd: Hörður Kristinnsson

Engjarós (*Potentilla palustris*)



Engjarós er algeng í mýrum á láglendi um allt land. Hún hefur fimmfingruð blöð og dumbrauð blóm með mörgum frævum á kúptum blómbotni. Fræurnar verða síðar að rauðum hnetum svo að aldinið líkist jarðarberjum.

The purple marshlocks is a common waterside shrub. Its branches spread into leaves with five narrow leaflets which are sharply jagged. The stem is a reddish brown, low sprawling, vine-like structure.



Ljósmynd: Hörður Kristinnsson

Langnykra (*Potamogeton praelongus*)



Langnykra vex á kafi í djúpu vatni, einkum í stórum stöðuvötnum og djúpum tjörnum. Hún er nokkuð víða um land á láglendi en hvergi algeng. Langnykran finnst í Hundatjörn í Krossanesborgum.

The white-stem pondweed is an aquatic perennial plant that grows in deep fresh water, especially in big ponds or deep lakes. It is fairly common in Iceland on lowland. Is in Hundatjörn in Krossanesborgir.



Ljósmynd: Helgi Halgrímsson. Teikningar: Jón Baldur Hlíðberg.

Hönnun og umsjón: Teikn á lofti ehf.

Reiðingsgras (*Menyanthes trifoliata*)



Reiðingsgras eða horblaðka er algeng á láglendi og vex í flóum og litlum tjörnum. Grasið hefur gilda jarðstöngla þannig að í efsta lagi jarðvegsins undir plöntunni er motta af sterkum jarðstönglum. Þessi motta var áður fyrr skorin í þunnar torfur, s.k. reiðingstorfur eða reiðing, sem var lagður undir farangur á bak flutningshesta. Þannig er nafnið reiðingsgras tilkomið.

The bog-bean or buckbean is is a flowering plant that grows in ponds or lakes. It is common on lowland.

